



Glæsilegir þjóðbúningar fengu að njóta sín á hinum árlega þjóðbúningadegi í Safnahúsinu í gær. Almennigur var hvattur til að draga fram þjóðbúninga af öllu tagi og sýna sig og sjá aðra. Því kalli svöruðu fjölmargir og mættu þrúðbúningar. Hér má sjá svipmynd af því þegar Þjóðdansasfélag Reykjavíkur sýndi dans og gestir fengu sér þjóðlega sveiflu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lítur framgöngu SÍ alvarlegum augum

Forsætisráðherra mun óska eftir frekari skýringum frá Seðlabankanum í tengslum við mál Samherja. Kveðst hún líta málið alvarlegum augum. Ljóst sé að stjórnarsýsla Seðlabankans hafi ekki verið fullnægjandi en þingmaður segir málið áfelligsdóm yfir henni.

STJÓRN MÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra lítur Samherja málið alvarlegum augum. Segir hún ljóst að stjórnarsýsla Seðlabankans hafi ekki verið fullnægjandi í ljósi dóms Hæstaréttar.

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, fór hörðum orðum um framferði Seðlabankans í máli Samherja á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í

síðustu viku. Lagði hann fyrir nefndina álit ríkissaksóknara frá árinu 2014 þar sem fram kom að reglur Seðlabankans kæmu í veg fyrir beitingu refsheimilda. Tveimur árum síðar ákvað Seðlabankinn að sekta Samherja um 15 milljónir.

Hæstiréttur felldi sektina úr gildi í nóvember síðastliðnum. Í kjölfarið óskaði forsætisráð-



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.

herra eftir greinargerð frá bankaráði Seðlabankans. Fram kemur í bókun tveggja bankaráðsmanna með greinargerðinni að skýringar

bankans á hvers vegna Samherji var sektaður standist ekki. Katrín telur mikilvægt að málin sem fjallað er um í greinargerð bankaráðs verði skoðuð ofan í kjölinn, ásamt því sem fram hefur komið í bréfi umboðsmanns Alþingis.

Katrín segir að óskað verði eftir frekari skýringum frá Seðlabankanum, meðal annars um eftirfylgni með umbótum í stjórnarsýslu bank-

ans og um samskipti bankans við fjölmiðla.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri mætir á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á fimmtudag. Þingmaður Viðreisnar hlakkar til að heyra útskýringar Seðlabankans. Þingmaður Pírata segir ekki hægt að leiða málið til lykta þar sem kerfinu sé stillt upp til að verja auðvaldið. — ab /sjá síðu 4

Fjárhagsstaða á ábyrgð stjórnar

SAMKEPPNI Fækkun einkaréttarbréfa samtímis miklum fjárfestingum virðist hafa stuðlað að lausafjárþurrð Póstsins að mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

Stofnunin segir eftirlit með fjárhag fyrirtækisins takmarkast við þætti er lúta að einkarétti og alþjónustu. Vandinn hafi ekki legið fyrir fyrr en á haustmánuðum síðasta árs.

— jõe / sjá síðu 6

Hrafnkell V. Gíslason, Póst- og fjarskiptastofnun.

Fréttablaðið í dag

SKODUN Guðmundur Ingi Guðbrands-son umhverfisráðherra skrifar um ósjálfbæra neyslu. **8**

SPORT Valur og FH urðu bikarmeistarar um helgina eftir sannfærandi sigra í Höllinni. **10**

MENNING Kristín Gunnlaugsdóttir sýnir stór, krefjandi og hlaðin verk. **17**

LÍFID Leikfélag Menntaskólans í Reykjavík setur upp Rent. Stærsta verkefni leikstjórnans. **20**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Tales from Iceland

2018 TRAVELLERS' CHOICE tripadvisor

BESTA SAFN ÍSLANDS
SKV. TRIPADVISOR.COM

AUSTURBÆR

11KR.

09KR.

07KR.

Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.

ORKAN

Kringlan


Allskonar nýjasta nýtt

KRINGLUKAST

20-50% AFSLÁTTUR

Fimmtudag til mánudags

Veður



Áfram dálítill el austan til en rigning eða slydda sunnan til og þurr norðan- og vestanlands.

SJÁ SÍÐU 16



Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

92 prósent vilja verkfall

KJARAMÁL Talningu í atkvæðagreiðslu um verkföll hjá tilteknum hópum félagsmanna í Eflingu lauk um hádegi í gær. Félagsmenn Eflingar samþykktu með yfirgnæfandi meirihluta greiddra atkvæða boðun verkfalla meðal starfsfólks á hótélum, í rútufyrirtækjum og hjá Almenningsvögnum Kynnisferða, en þetta kemur fram í tilkynningu frá Eflingu.

Af 1.263 greiddum atkvæðum í öllum 7 atkvæðagreiðslunum voru 1.127 sem samþykktu boðanir, 103 greiddu atkvæði gegn og 33 tóku ekki afstöðu. Um 92 prósent þeirra sem afstöðu tóku samþykktu því verkfallsboðanirnar þegar allar atkvæðagreiðslurnar eru lagðar saman.

Á kjörskrá voru samtals 1.710 einstaklingar. Heildarkjörsókn nam um 35 prósentum og náði í öllum tilfellum 20 prósentu lágmarks þátttökuþröskuldi, að því er fram kemur í tilkynningunni.

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, segir niðurstöðuna ekki koma á óvart.

„Við erum afar ánægð með þátttöku og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Félagsmenn okkar eru á einu máli um að aðgerða sé þörf. Kröfur okkar eru sanngjarnar og félagsmenn eru tilbúnir að fylgja þeim eftir af krafti.“

Verkfallsboðanir verða nú afhentar Samtökum atvinnulífsins og Ríkissáttasemjara. – oæg

Örtröð á bókamarkaðinum



Það var fullt út fyrir dyrum á Laugardalsvelli frá morgni til kvölds í gær þar sem lokadagur Bókamarkaðarins fór fram. Þúsundir titla leituðu að eignum og bókaþjóðin svaraði kallinu í leit að bókstaflegum reyfarakaupum. Bókaþjóðin hefur nóg að lesa næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

1,7 milljarða afgangur Faxaflóahafna

SAMGÖNGUR Rekstur Faxaflóahafna sf. skilaði rúmlega 1,7 milljarða hagnaði á síðasta ári. Hluta þess má rekja til sölu lands í Sævarhöfða fyrir 624 milljónir til Reykjavíkurborgar. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins sem samþykktur var fyrir helgi.



Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna.

Hagnaðurinn í fyrra var nærri þrefalt meiri en árið 2017. Í fjárhagsáætlun ársins hafði verið gert ráð fyrir 727 milljóna hagnaði.

Af ársreikningnum má einnig sjá að laun til stjórnarmanna og hafnarstjóra hafi dregist saman milli ára um tæp tvö prósent. – jóe

Mörg hundruð nemar flýja myglaðar stofur

Fossvogsskóla verður lokað á miðvikudag. Leitað er nú að húsnæði fyrir meira en 300 nemendur. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs segir best að nemendur séu ekki í húsnæðinu á meðan framkvæmdir standa yfir.

UMHVERFISMÁL Fossvogsskóla verður lokað eftir að skóladegi lýkur á miðvikudag. Farið verður í framkvæmdir vegna umfangsmikilla skemmda af völdum langvarandi leka. Fram kemur í tilkynningu frá Reykjavíkurborg að um sé að ræða varúðarráðstöfun á meðan gerðar verða endurbætur vegna loftgæðavandamáls. Kennsla fellur niður á fimmtudag og föstudag.

Tólf vikur eru eftir af skólaárinu og er nú unnið að því að finna pláss fyrir alla 352 nemendur skólans. Fjórði bekkur verður í lausum kennslustofum á lóðinni, reynt er að finna húsnæði í Fossvogi fyrir yngri börnin en ekki er hægt að útiloka að útvega þurfi skólaakstur fyrir eldri nemendur. Búið er við því að opna skólann aftur í haust.

„Þetta er aðeins gert til að flýta fyrir framkvæmdum. Sumarið mun ekki duga í að gera allt,“ segir Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, í samtali við Fréttablaðið.

Bæði starfsfólk og nemendur hafa kvartað undan einkennum af völdum myglu. Helgi segir að lokun skólans á þessum tímamarki sé ekki vegna þess að nemendur séu að veikjast. „Það er mismunandi hvort fólk finnur einkenni eða ekki. Þetta er gert til að hægt sé að vaða í verkið og þá er langbest að nemendur séu ekki í húsnæðinu.“

Í minnisblaði Verkís segir að þörf sé á að sótthreinsa vesturbyggingu skólans. Gamalt ryk eigi leið inn í kennslustofur, þar að auki séu leka-skemmdir.

Skipta þarf um þak á miðbyggingunni vegna leka. Í austurbyggingunni hefur lekið með fram



Nemendur skólans eru á aldrinum 6 til 12 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það er mismunandi hvort fólk finnur einkenni eða ekki. Þetta er gert til að hægt sé að vaða í verkið og þá er langbest að nemendur séu ekki í húsnæðinu.

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar



gluggum og þarf því að fjarlægja klæðningu og skemmdir.

Í reglubundnu eftirliti heilbrigðis- eftirlitsins síðasta haust voru engar athugasemdir gerðar við húsnæðið. Í september gerði Mannvit úttekt á hluta húsnæðisins og voru sýni send á Náttúrufræðistofnun Íslands. Sveppagró fundust í þremur kennslustofum af fjórum ásamt leifum smádyra sem eru merki þess að sveppavöxt megi finna í umhverfinu. Í niðurstöðum Mannvits sagði að ekki væri hægt að fullyrða um rakaskemmdir í húsnæðinu.

Helgi segir að túlkunin í skýrslu Mannvits hafi ekki verið nógu markviss en skýrslan hafi þó orðið til þess að byrjað var á afmörkuðum framkvæmdum í skólanum. „Auðvitað hefði verið betra að hafa þetta allt fyrr, en maður spólar ekki aftur á bak.“ arib@frettabladid.is

AÐALFUNDUR



Aðalfundur landsamtakanna Spítalinn okkar verður haldinn þriðjudaginn 12. mars 2019 kl. 16.00 á Icelandair Hótel Natura Víkingasal 7.

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál.

Gestur fundarins verður

Henrik Eriksen framkvæmdastjóri nýbygginga við Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn.

Hann flytur erindi um byggingaverkefnið, áskoranir, lærdóm sem draga má af framkvæmdunum.

Stjórnin.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

TOYOTA C-HR

50% RAFDRIFINN*

ISLENSKASÍLSTÖYV 01190 0019



C-HR – verð frá: 4.450.000 kr.
C-HR Hybrid – verð frá: 4.650.000 kr.

Í fullkomnu flæði

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþróðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARE og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Ótímabært að kyrrsetja vélar Icelandair þrátt fyrir slys erlendis

SAMGÖNGUMÁL Ekki stendur til að kyrrsetja Boeing 737 Max farþegaþotur Icelandair eða grípa til sérstakra aðgerða. Tvær slíkar þotur hafa undanfarið hrapað stuttu eftir flugtak, í seinna skiptið í Eþíópíu í gær. Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Icelandair segir öryggið ætíð vera í fyrirrúmi hjá flugfélaginu.

Ný Boeing 737 Max farþegaþota Ethiopian Airlines hrapaði rétt fyrir utan höfuðborg Eþíópíu, Addis Ababa, sex mínútum eftir

flugtak í gær. 157 manns voru um borð og létu lífið.

Sams konar þota hrapaði í október síðastliðnum yfir Jakarta í Indónesíu, tólf mínútum eftir flugtak.

Icelandair gerir út þrjár svona þotur en Jens Þórðarson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hjá Icelandair, segir ótímabært að tengja slysin tvö saman.

„Það er ekkert vitað um hvað gerðist þarna og í raun ekkert sem

það er ekkert vitað um hvað gerðist þarna.

Jens Þórðarson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hjá Icelandair



gerir það að verkum að maður fari að hugsa til einhverra aðgerða,” segir Jens í samtali við Fréttablaðið.

Hann bendir á að rúmlega 300 vélar sem þessar séu í umferð á degi hverjum um allan heim. Ekkert bendi til að slysið í gær hafi orðið vegna vélarbilunar.

„Eins og alltaf er samt öryggið í fyrirrúmi hjá okkur. Við grand-skodum vélararnar fyrir hvert flug og tryggjum að öryggið njóti vafans,”

segir Jens og bætir við að fulltrúar Icelandair séu ávallt í samskiptum við Boeing, sérstaklega þegar atvik sem þessi koma upp.

„Mögulega koma til einhverjar aðgerðir eftir því sem rannsókninni vindur fram, ef tilefni er til þess,” segir Jens. „Við erum að bíða eftir því að fólk átti sig og við tökum stöðuna þegar eitthvað kemur í ljós um ástæður slyssins, en enn sem komið er er engin ástæða til að óttast þessar vélar.“ – jt

Leikur í sjónum endaði í útkalli

LÖGREGLUMÁL Mikill viðbúnaður var hjá sjúkraflutningamönnum á höfuðborgarsvæðinu síðdegis í gær þegar tilkynning barst um mann í sjónum við Seltjarnarnes.

Samkvæmt slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu var þó enginn í sjónum og því um misskilning að ræða. Drógu viðbragðsaðilar sig til baka þegar það var ljóst.

Sæþota hafði þá sést mannlauk og talið var að maður hefði fallið af henni í sjóinn en í ljós kom að hann var einfaldlega að leika sér á seglbretti. – oæg

Árás með grjóti

LÖGREGLUMÁL Maður var handtekinn snemma morguns í Hafnarfirði í gær grunaður um að kasta grjóti í svalahurð íbúðar á jarðhæð. Við grjótkastið brotnaði rúða og hæfði grjótið gest innandyra.

Grjótkastarinn var vistaður í fangageymslu lögreglu. – smj

LEIÐRÉTTING

Í umfjöllun í blaðinu á laugardag um eftirmála flugslysi í Barkárdal 2015 var rangt farið með nafn útfararstofu. Hið rétta er að Útfararstofa kirkjugarðanna í Reykjavík annaðist þann sem lést en ekki Útfararstofa Reykjavíkur. Það er velvirðingarmál á þessu.

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Algjör áfellisdomur yfir stjórnarsýslu Seðlabankans

Þingmaður Viðreisnar segir það með ólíkindum að Seðlabankinn hafi haldið áfram með mál gegn Samherja eftir að ljóst var að ekki var hægt að beita refsingum. Þingmaður Pírata segir kerfinu stillt upp til að verja auðvaldið.

STJÓRNMÁL „Þetta er algjör áfellisdomur yfir stjórnarsýslu Seðlabankans í málinu. Það er í raun með ólíkindum að bankinn hafi haldið áfram með málið eftir að itrekað var búið að benda á að það væri ekki lagastöð fyrir þeim refsingum sem bankinn lagði á,” segir Þorsteinn Víglundsson, varaformaður Viðreisnar, í samtali við Fréttablaðið.

Umboðsmaður Alþingis fór hörðum orðum um framgöngu Seðlabankans í máli Samherja á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í síðustu viku. Már Guðmundsson seðlabankastjóri mætir á fund nefndarinnar á fimmtudaginn.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir í svari til Fréttablaðsins að hún líti málið alvarlegum augum. Ljóst sé að stjórnarsýsla bankans var ekki fullnægjandi. Ráðuneytið hefur óskað eftir frekari skýringum frá Seðlabankanum bæði varðandi umbætur á stjórnarsýslu og samskipti bankans við fjölmiðla.

Þorsteinn segir að það megi ætla að lögfræðikostnaður Samherja sé ærinn. „Það er ekki á allra færi að standa uppi í hárinu á bankanum með þessum hætti. Þarna hefur augljóslega margt farið úrskæiðis og það



Már Guðmundsson seðlabankastjóri situr fyrir svörum hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd á fimmtudaginn. Á síðasta fundi fór umboðsmaður Alþingis hörðum orðum um bankann í Samherjamálinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Smári McCarthy, þingmaður Pírata.

er lykilatriði að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur.“ Þorsteinn segir að hann sé ekki búinn að kynna sér nákvæmlega lagalegu hliðina, en hann hafi kynnt sér efnislegu hliðina vel þegar málið kom upp. „Þá spurði ég mig að því hvað það væri í málinu sem bankinn er að



Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar.

eltast við. Ég gat ekki áttað mig á hver glæpurinn var og ég hlakka satt best að segja til að heyra útskýringar bankans.“

Smári McCarthy, þingmaður Pírata, segir vandamálið tvíþætt. Annars vegar sé algjörlega ótækt að Seðlabankinn sinni „reglu-

setningar-, eftirlits- og böðulshlutverki“ þegar kemur að misnotkun peningakerfisins. „Hins vegar sýnir þetta mál að í grunninn er enginn raunhæfur farvegur til staðar til að hægt sé að virkilega ganga á eftir fjármálamisferli af þessari tegund,” segir Smári.

„Það er ágætur skilningur í Seðlabankanum á því hvað nákvæmlega gerðist og hver nákvæmlega græddi á því, en það er engin leið til að leiða málið til lykta vegna þess að enn og aftur reynist kerfinu á Íslandi stillt upp til að verja auðvaldið.“

arib@frettabladid.is



ALLAR ALMENNAR BIFREIÐAVIDGERÐIR OG SMURPJÓNUSTA

Ís-Band rekur fullkomið bifreiða- og þjónustuverkstæði, ásamt varahlutabjónustu.

Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.

Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða og hafa hlotið sérþjálfun frá FCA (Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Jeep og RAM).

STUTTUR BIÐTÍMI

Tímapantanir
í síma 534 4433
Erum á Smiðshöfða 5

SPORTLEGUR BMW X3.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR.



ENMEM / STA / NM92861

Komdu í dag og reynsluaktu þessum magnaða sportjeppa frá BMW. Nýr BMW X3 er léttari og sparneytnari en fyrirrennarinn þrátt fyrir aukið rými. 8 þrepa sjálfskipting, fullkomið xDrive fjórhjóladrifskerfi, leggja í stæði hjálp, bakkmyndavél, rafdrifinn afturhleri og LED dagljós eru hluti staðalbúnaðar auk þess sem hægt er að velja úr úrvali af búnaði sem gerir nýjan BMW X3 einstakan í sínum flokki.

BMW X3 20d xDrive. Verð frá: 7.450.000 kr.

Bíll á mynd: BMW X3 með M-Pakka og glerþaki. Nánari upplýsingar á bmw.is



**Sheer
Driving Pleasure**

B|L

BL ehf
Sævarhófða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Vandræðalega upphlaupið var réttmætt

BORGARMÁL Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur komist að þeirri niðurstöðu að fundarboði í samgöngu- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar í ágúst í fyrra hafi verið gallað. Sjálfstæðismenn gengu af fundinum og sögðu hann ekki hafa verið boðaðan með löglegum fyrirvara. Þar að auki hafi fundargögn ekki fylgt fundarboðinu.



Krisin Soffía Jónsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar.

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, fór fram á það í byrjun fundarins að hann yrði afboðaður en sú tillaga var felld af fulltrúum meirihlutans.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins yfirgáfu fundinn. Í bókun meirihlutans segir að bilun í tölvakerfi og innsláttarvilla á netföngum hafi orðið til þess að fundarboðið barst ekki tímanlega, engu að síður sé það ótvírætt álit lögfræðinga sviðsins að ávallarnir valdi ekki því að fundurinn teljist ólög-mætur.

„Þetta er hugsanlega vanhugsásta og vandræðalegasta upphlaup sem ég hef orðið vitni að á mínum átta ára ferli í pólitík,“ sagði Kristín Soffía Jónsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, um þá ákvörðun Sjálfstæðismanna að yfirgefa fundinn.

Í bréfi ráðuneytisins til borgarstjóra í vikunni segir að ávallarnir séu til þess fallnir að valda óvissu um lögmæti fundarins.

Er því beint til borgarinnar að tryggja framvegis að uppfylla kröfur um boðun funda og rétt væri að lengja lágmarksfyrirvara á fundarboðum. Hefur ráðuneytið beðið um viðbrögð frá borginni vegna tilmælanna. – ab

Miklar fjárfestingar án þess að fjármagn væri tryggt

Fækkun einkaréttarbréfa samtímis miklum fjárfestingum virðist hafa stuðlað að lausafjárþurrð Póstsins að mati Póst- og fjarskiptastofnunar. Stofnunin segir eftirlit með fjárhag fyrirtækisins takmarkast við þætti er lúta að einkarétti og alþjónustu. Vandinn hafi ekki legið fyrir fyrr en á haustmánuðum í fyrra.

SAMKEPPNI Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) virðist lausafjár-vandi Íslandspósts ohf. (ÍSP) tilkominn vegna fækkunar einkaréttarbréfa annars vegar og hins vegar mikilla fjárfestinga sem ráðist var í á sama tíma og fjármögnun þeirra var ekki tryggð. Þessi vandi hafi ekki verið opinberaður af hálfu ÍSP fyrr en á síðari helmingi síðasta árs.

Þetta kemur fram í svarbréfi PFS, sem sent var í síðasta mánuði, við erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins (SRN) frá því í desember. Í bréfi SRN var óskað eftir því að PFS gerði grein fyrir hvernig eftirliti stofnunarinnar með fjárhagsstöðu ÍSP hefði verið háttáð.

Í lögum um PFS er kveðið á um að stofnunin hafi eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja og póstreka-enda og þar er fjárhagsstaða þeirra með talin. Í svarbréfi PFS segir aftur á móti að það eftirlit, þegar kemur að pósthjónustu, takmarkist við þann hluta sem snýr að einkarétti og alþjónustu.

„Með öðrum orðum hefur stofnunin ekki eftirlit með allri starfsemi félagsins og þaðan af síður heimildir til að grípa inn í með einhverjum hætti þær ákvarðanir sem félagið kann að hafa tekið. Forstjóri og stjórn félagsins bera ábyrgð á þeim ákvörðunum,“ segir í bréfinu.

Í svarinu er enn fremur rakið að rekstrarreikningur ÍSP fyrir árið 2017 hafi ekki bent til þess að félagið stefndi í alvarlegan lausafjár-vanda árið 2018. Samkvæmt árs-hlutareikningi í september í fyrra var veltufé frá rekstri 12 milljónir króna sem er um 500 milljónum lægra en á sama tíma árið áður. PFS telur það skýrast af lækkun á hagnaði einkaréttarbréfa. Ekkert hafi



Íslandspóstur réðst í framkvæmdir fyrir 1,2 milljarða á nýliðnu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Forstjóri og stjórn félagsins bera ábyrgð á [ákvörðunum félagsins].

Úr svarbréfi Póst- og fjarskipta-stofnunar við erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

legið fyrir um vandann fyrr en síðla árs 2018. Stjórn ÍSP hefur að visu reglulega bókað í fundargerðum að rekstrargrundvöllur væri ekki lengur til staðar og komið slíkum skilaboðum til SRN.

Í þessu samhengi er rétt að nefna að í nóvember í fyrra hafnaði PFS beiðni ÍSP um hækkun verðskrár einkaréttar enda hefði afkoma

einkaréttar verið góð árin tvö á undan. Í raun svo góð að stofnunin ihugaði að afturkalla fyrri ákvörðun sína um hækkun. Í síðasta mánuði samþykkti PFS hins vegar beiðni um meiri hækkun en hafnað var í nóvember. Það samþykki lá fyrir sama dag og ÍSP skilaði nauðsynlegum gögnum til stofnunarinnar. joll@frettabladid.is

Hætta á að Brexit verði að engu

BRETLAND Utanríkisráðherra Bretlands, Jeremy Hunt, segir að útganga Bretlands úr Evrópusambandinu gæti orðið að engu ef þingmenn Íhaldsflokksins, sem er í meirihluta á breska þinginu, samþykki ekki Brexit-samning Theresu May. Í samtali við BBC segir hann að andstæðingar Brexit hafi fengið byr undir báða vængi að undanfögnu.

Þingmenn munu kjósa um samninginn að nýju á þriðjudaginn en líkt og fram hefur komið var honum hafnað í janúar. Var það að mestu leyti vegna áhyggja þingmanna um hið svokallaða „backstop ákvæði“ í málefnum Norður-Írlands en ákvæðið gerir ráð fyrir að Norður-Írland haldi áfram að vera hluti af Evrópska efnahags-svæðinu, að minnsta kosti tímabundið, til að koma í veg fyrir að eiginleg landamæri verði sett upp á milli Norður-Írlands og Írlands.

Í umfjöllun BBC kemur fram að fátt bendi til þess að May hafi tekið að semja um breytingar á ákvæðinu við forsvarsmenn Evrópusambandsins síðan þá.

„Við eigum tækifæri á að yfirgefa sambandið þann 29. mars næstkomandi eða stuttu síðar. Það er mjög mikilvægt að við nýtum tækifærið vegna þess að þeir sem vilja stöðva Brexit hafa fengið byr undir báða vængi að undanfögnu,“ segir ráðherrann meðal annars.

„Við erum í ólgusjó. Fáí andstæðingar Brexit sínu framengt



Jeremy Hunt óttast afleiðingarnar fyrir Íhaldsflokkinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Það er mjög mikilvægt að við nýtum tækifærið vegna þess að þeir sem vilja stöðva Brexit hafa fengið byr undir báða vængi.

Jeremy Hunt, utanríkisráðherra Bretlands

mun það hafa afdrifaríkar og skaðlegar afleiðingar fyrir flokkinn. Fólk mun geta sagt að þarna sé flokkurinn sem kjörinn var til að leiða þetta mál til lykta en hafi mistekist.“

Hafni þingmennirnir samningi May á þriðjudag verður kosið um það á miðvikudaginn hvort Bretland eigi að yfirgefa sambandið án samnings. Verði því hafnað verður kosið um að seinka útgöngu landsins og þá er óljóst hvenær nákvæmlega Bretland mun yfirgefa sambandið. – oæg



EES og atvinnulífið Hvernig höfum við áhrif saman?

Miðvikudaginn 13. mars efnir utanríkisráðuneytið til morgunfundar ásamt Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins.

Rætt verður hvernig atvinnulíf og launþegasamtök geta haft áhrif á mótun löggjafar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fundurinn fer fram á Grand Hótel Reykjavík klukkan 8:30-10:00.

Skráning á:
stjornarradid.is/EESogativinnulifid

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

10 silfurpeningar á stól

Nú ríkir sorg í hjarta kjósenda Vinstri grænna. Hvar eru stefnumál og samþykktir flokksins í hvalveiðimálum komin? Getur grasrótin og fylgismenn treyst forystunni lengur? Varla!

„Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Selfossi 23.-25. október 2015, leggst eindregið gegn hvalveiðum við Íslandsstrendur. Við veiðarnar er beitt ómannúðlegum veiðiaðferðum til að viðhalda áhugamáli örfárra útgerðarmanna. Háum upphæðum af opinberu fé hefur verið kastað á glæ til að styrkja þessa áhugamenn um hvalveiðar. Nú er mál að linni“.

Þetta er úr landsfundarályktunum Vinstri grænna 2015.

Vinstri grænir komust svo til valda, með forsætisráðherra, umhverfisráðherra og heilbrigðisráðherra í nýrri ríkisstjórn, auk 9 annarra þingmanna, í nóvember 2017.

Vorið 2018 kom upp umræða um það, hvort langreyðaveiðiheimildir, sem Sigurður Ingi Jóhannsson, þá sjávar- og landbúnaðarráðherra, hafði veitt til fimm ára 2013, skyldu gilda líka fyrir það ár.

Hvalur hf hafði þá ekki getað nýtt veiðiheimildir í 2 ár vegna vanda við að selja afurðirnar, enda banna langflestar þjóðir heims verzlun með langreyðaafurðir svo og flutning á þeim í lögsögu sinni. Bæði Samskip og Eimskip neita að flytja hvalkjöt.

Þegar á það reyndi, hvort reglugerðin skyldi gilda líka fyrir 2018, í stað þess, að henni væri breytt, eins og oft hefur gerzt við stjórnarskipti, sagði Katrín Jakobsdóttir á Alþingi, flestum til mikillar undrunar, að það væri ruglingslegt fyrir stjórnábylgju, ef reglugerðum, sem væru í gildi, væri breytt. Skyldi hún standa.

Vonir stóðu þó til, að forsætisráðherra hefði samið svo við veiðiglaða Sjálfstæðis- og Framsóknarmenn, sem ekki eru undir miklu álagi af löngun eða hneigið til dýra-, náttúru- og umhverfisverndar - ef þeir vita, hvað það er – að með þessari málamiðlun yrði langreyðavertíðin 2018 sú síðasta; lokin á því hrikalega dýraníði, sem veiðar byggja á, svo og á frekari skemmdum á vörumerkinu ÍSLAND, sem er það dýmætasta, sem við eigum.

Það var því mikið áfall nú í vikunni, að fá staðfestingu á því, að ríkisstjórnin, undir forsæti Vinstri grænna, hefði lagt blessun sína yfir, að sjávar- og landbúnaðarráðherra, Kristján Þór Júlíusson, skyldi veita Hval hf nýtt leyfi til langreyðaveiða, og það til fimm ára.

Eru Íslendingar með þessu eina þjóð veraldar, sem veiðir langreyði (stórhveli), næst stærsta spendýr veraldar, en hinar tvær hvalveiðiþjóðirnar, Norðmenn og Japanir, veiða eingöngu hrefnu (smáhveli).

Skv. Gallup-könnun okkar frá í nóvember sl., hefur meirihluti Íslendinga nú loks áttað sig á, hvílt heiftarlegt dýraníð hvalveiðar eru, eins á því, að tilgangur með þeim er enginn, en Hvalur hf hefur verið rekinn með tapi um langt árabil, og síðast en ekki sízt, hversu illa þetta dráp okkar á „hinum friðsömu risum úthafanna“ fer í milljónir manna um allan heim, en því fylgir auðvitað hætta fyrir útflutning og ferðamenn.

Forsætisráðherra, aðrir ráðherrar og þingmenn Vinstri grænna geta enn leiðrétt mistök sín og svik við eigin samþykktir og málstað, með því að berja í borðið og krefjast þess, að nýveitt langreyða veiðileyfi verði afturkölluð.

Væri manndómur í því, og mætti þá nokkuð bæta fyrir þann stórfellda skaða, sem ímynd Vinstri grænna hefur orðið fyrir, og leiðrétt herfileg mistök leiðtoga flokksins; undanlátssemi og svik við málstaðinn.

Ef Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn vilja slíta ríkisstjórninni vegna veiðifirru og þráhyggju eins manns, Kristjáns Loftssonar, gegn þjóðarhagsmunum, þá yrðu þeir að taka þá vanvirðu og skömm á sig, sem færi þá með þeim inn í sögubækurnar.

Að lokum þetta: Sjávarútvegsráðherra fullyrðir, að þessi nýju veiðileyfi séu veitt á grundvelli ráðgjafar frá Hafrannsóknastofnun. Gefur þannig í skyn, að Hafró hafi ráðlagt honum að veita þessi veiðileyfi.

Hér hagræðir ráðherra sannleikanum harkalega. Hafrannsóknastofnun veitir ekki ráðgjöf um, hvort veiða skuli, heldur aðeins um það, hversu mikið skuli veiða, ef veiða skuli. Hafrannsóknastofnun mælir hvoki með eða á móti veiðum. Ráðleggur aðeins um magn veiða, gerir tillögu að stærð veiðikvóta, ef ráðherra vill láta veiða.

JARÐARVINIR

Ole Anton Bieltvedt,
formaður

List og glæpir



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Heimildarmyndin Leaving Neverland sýnir ótvírætt fram á það sem svo marga hafði grunað, að Michael Jackson niddist á ungum drengjum og fyllti líf þeirra kvöl. Fjölmargir aðdáendur poppgöðsins neita að viðurkenna þá staðreynd sem myndin opinberar, sem sagt þá að hann var barnaníðingur. Þeir eru sannfærðir um að allar slíkar ásakanir séu lygi. Blind aðdáun þeirra á Jackson rúmar ekki þá hugsun að goði þeirra hafi verið siðblindur og vondur maður.

Þessi einkennilegi maður, goðsögn í lifanda lífi, hafði engan áhuga á að vera fullorðinn og bjó til sína eigin ævintýraveröld og bauð þangað ungum drengjum. Það var vitað að þeir gistu hjá honum, sváfu í sama herbergi og hann og opinberlega sást hann leiða þá sér við hönd. Aðdáendur hans töldu þetta til marks um kærleiksríkt viðhorf til barna en hjá öðrum kviknuðu samstundis viðvörnarljós. Þegar Jackson dó skyndilega skrifuðu aðdáendur hans um allan heim fögur og fjálgleg eftirmæli um þetta goð sitt. Þeir dáu bæði tónlistina og manninn sjálfan og það sem aðrir töldu grunsamlegt í fari hans flokkuðu þeir sem sérvisku snillings.

Á sínum tíma var Jackson sýknaður fyrir rétti af ásökunum um kynferðisofbeldi gegn drengjum, og þar skipti mestu að eitt fórnarlamba hans laug fyrir rétti og harðneitadi því að hetjan hans hefði beitt hann kynferðisofbeldi. Í Leaving Neverland lýsir þetta fórnarlamba Jacksons, sem nú er fullorðinn maður, þeim tilfinningum sem bærust í brjósti hans og urðu til þess að hann kom manni sem var kvalari hans til bjargar. Það er margt sláandi í þessari mynd, meðal annars þá hvernig Jackson gerði drengina sem hann niddist á háða sér tilfinningalega. Þeir dáu hann og elskuðu.

Enginn sem horft hefur á myndina ætti lengur að efast um að Michael Jackson var barnaníðingur, sem niddist á drengjum allt niður í sjö ára. Svo er önnur staðreynd, sömuleiðis óhaggaðleg, sem er sú að Jackson telst meðal helstu snillinga 20. aldar á tónlistarsviðinu. Nú þykir snillin óþægileg.

Einhverjir vilja greinilega fara þá leið að láta eins og Michael Jackson og verk hans hafi aldrei verið til – sem er vitanlega gróf sögufölsun. Ekki skal fullyrt að forráðamenn breska ríkisútvarpsins BBC og norska ríkisútvarpsins NRK og fleiri stöðva hafi markvisst haft það í huga þegar þeir ákváðu að hætta að spila tónlist Jacksons á útvarpsstöðvunum. Hugsanlega er þetta bann við spilun einungis tímabundið, eins konar sjokkvíðbrögð við fréttum sem hafa komið svo mörgum úr jafnvægi, en ættu samt ekki að hafa komið á óvart.

Heimurinn verður að sætta sig við að einstaklingar sem eru ekki góðar manneskjur geta gert stórkostlega hluti á listasviðinu. Listaverkin verða ekki og eiga ekki að vera þurrkuð af yfirborði jarðar, þau lifa sjálfstæðu lífi og eru svo miklu betri en maðurinn sjálfur var. Hvers konar eftirlit sem tekur að sér að fela listaverk og láta eins og þau hafi aldrei verið sköpuð getur ekki verið annað en skelfilegt.



Heimurinn verður að sætta sig við að einstaklingar sem eru ekki góðar manneskjur geta gert stórkostlega hluti á listasviðinu.

Halldór



SALAHVERFI, KÓPAVOGI, 11. MARS 2019. HIÐ STUTTA EN AFDRIFARIKA AUGNABLIK Í ÆVI BÓMULLARHNOÐRA ÞAR SEM HANN VEITTI EIGANDA SÍNUM BARA EKKI NÓGU MIKLA ANÆGJU

Frá degi til dags

Ef það kvakar Meðferð Seðlabanka Íslands á Samherja hefur verið milli tannanna á fólki undanfarið en bankinn hefur verið brókaður bæði af Hæstarétti og umboðsmanni Alþingis. Samt sem áður hefur seðlabankastjóri ekki enn séð ástæðu til þess að biðjast afsökunar á klúðrinu og hafnar því alfaríð að um valdniðslu hafi verið að ræða. Sé málið kannað ofan í kjölinn, í raun nægir meira að segja að skoða eingöngu yfirborðið, bendir ýmislegt til annars. Ef það kvakar eins og önd og flýgur eins og önd, þá er það líklega önd.

Óflokksbundinn Í dag tekur sæti á Alþingi varaþingmaðurinn Gísli Gardars-son í fjarveru Andrésar Inga Jónssonar. Sá síðarnefndi er meðlimur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs en hinn fyrrnefndi er óflokksbundinn. Sagði hann skilið við flokkinn eftir að hann skreið í ból með Framsókn og Sjóllum. Einhvern tímann hefði þótt áhætta að kalla inn varamann sem slitíð hefur sambandi við flokkinn. Að þessu sinni ætti það ekki að koma að sök enda nefndavika fram undan auk þess sem Andrés sjálfur studdi ekki stjórnar-samstarfið og kys ekki alltaf eftir flokkslíunni.
joli@frettabladid.is

Neysla er loftslagsmál



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra

Eitt er það sem við deilum öll saman, með nærri 8 milljórdum annarra: Jörðin. Við deilum henni sömuleiðis með öllum sem á eftir okkur koma – líka þeim sem fæðast árið 2700 og árið 4500. Á merkilega fáum áratugum hefur einni tegund lífvera hins vegar tekist að koma af stað ferlum sem ógna öllum öðrum tegundum á plánetunni. Við stöndum frammi fyrir geigvænlegum breytingum á loftslaginu og hjarta vandans er neysla af ýmsum toga – stanslaus og ósjálfbær neysla.

Vitanlega þurfum við margvíslega hluti í daglegu lífi okkar og að sjálfsögðu þurfum við mat og fatnað. En til dæmis það að einn þriðji hluti matar í heiminum endi í ruslinu án þess að nokkur hafi neytt hans er galið og hefur gríðarleg loftslagsáhrif. Á einhverjum tímamarki hætti fólk að gera við og laga hluti og keypti í staðinn nýja. Jafnsjálfsagt varð hjá mörgum að fara með flugvél til útlanda yfir helgi og áður var að skjótast í sumarbústað innanlands. Öll þessi neysla á sér ekki stað í tómi heldur hefur umhverfisáhrif og bein áhrif á loftslagið.

Í gær hófst á RÚV ný íslensk þáttaröð „Hvað höfum við gert?“ sem fjallar um áskoranir mannkyns í loftslagsmálum. Þáttur gærkvöldsins fjallaði m.a. um áhrif neysluyggjunnar og það er mikilvægt. Um leið og við horfumst í augu við vandann verðum við að gæta þess að einbeita okkur að því að leysa málin og vinna þannig á loftslagskvíðanum sem við finnum svo mörg fyrir. Við getum sannarlega brugðist við og breytt þróuninni til betri vegar. Allt sem við gerum hefur áhrif. Vitanlega er þó ekki hægt að hengja allar lausnir á einstaklinginn. Fyrirtæki um allan heim þurfa að taka til í sínum ranni, ríkisstjórnir, sveitarstjórnir, alþjóðleg stórfyrirtæki. Við erum öll saman í líði í þessu stóra verkefni.

Umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna hefst í Kenía í dag og þar verður kastljósinu m.a. beint að neyslu og áhrifum hennar á Jörðina. Áskoranirnar eru fjölmargar en lausnirnar eru það sem betur fer líka.



Á einhverjum tímamarki hætti fólk að gera við og laga hluti og keypti í staðinn nýja.

TUDOR RAFGEYMAR

Veldu öruggt start með nýjum **TUDOR**

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Arabinn í Kólumbíu

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Um daginn hitti ég araba sem var á ferðalagi um heiminn og hafði farið víða. Ég þekki manninn ekki neitt og mun líklega aldrei hitta hann aftur. Þetta var yfir kvöldmat í bændaagistinu í Kólumbíu, hvar við fjölskyldan höfum verið á flandri undanfarið. Fólk rakti ferðir sínar. Kom þá ekki á daginn — sem gladdi auðvitað hjarta eyjarskeggjans — að maðurinn hafði komið til Íslands. Í sex klukkutíma. Hann millilenti á leið sinni annað, og ákvað að bregða sér í Bláa lónið.

Af vitnisburði mannsins mátti greina að hann var ekki alltof hrifinn af landi og þjóð. Tvennt tók hann fram. Hið fyrra kom ekki á óvart. Hann nánast stóð upp og fórnadi höndum yfir verðlaginu. Það kostaði 85 dollara að taka leigubíl frá flugvælinum að Bláa lóninu, sagði hann. Svona verði á leigubíl hafði hann aldrei kynnst.

Sem Íslendingur er ég auðvitað alvanur gagnrýni útlendinga á verðlagið. Maður er orðinn góður í því að setja upp viðeigandi svipi til viðurkenningar á þessum raunveruleika. Ísland er dýrt.

Hitt gagnrýnisatriði mannsins kom okkur hjónum hins vegar í opna skjöldu. Þetta höfðum við ekki heyrt fyrr, að minnsta kosti ekki á þennan hátt.

Maðurinn vildi meina að Íslendingar væru allir eins. „Þeir líta allir eins út,“ sagði hann. Við urðum smá hvumsa. Það var augljóst að maðurinn leitaði að orði í huganum til að lýsa betur



því sem hann átti við. „Það er eins og Íslendingar sé allir svona... þið vitið... hvað er aftur orðið...?“ „Einræktaðir?“ sagði þá konan mín varfærnislega. „Já, einmitt!“ hljóðaði maðurinn og tuggði. „Einræktaðir.“

Skritinn dagur í lóninu

Við töludum ekki mikið meira saman. Ég get ekki sagt að ég sé sammála mannum, þannig séð. Mér finnst Íslendingar ekki líta allir eins út. Þótt það sé kannski ekki rosalegur munur á til dæmis Steingrími J. Sigfússyni og Ómari Ragnarssyni, þá sé ég greinilegan mun á til dæmis Katrínu Jakobsdóttur og Ásdísi Rán.

Kannski var maðurinn í Bláa lóninu með bara Ármanni og Sverri. Þeir líta auðvitað eins út vegna þess að þeir eru tvíburar. Kannski var þetta furðulegur dagur í Bláa lóninu. Kannski voru keppendur um rauðasta hárið á

írsku dögnum á Akranesi allir komnir í lónið. Maður veit ekki. Reyndar tók maðurinn fram að hann ætti ekki við fólk í lóninu, enda eru þar vitaskuld á hverjum venjulegum degi fulltrúar hinna ýmsu þjóðerna. Hann átti við íslenska starfsfólkið og þá sem hann var nokkuð viss um að væru Íslendingar.

Sannleikskorn?

Gott og vel. Þetta fannst mannum. Ekki ætlaði ég að rökræða við hann. Sú samræða hefði ekki farið langt. „Við erum ekki eins,“ hefði ég sagt. „Jú, víst,“ hefði hann sagt. Engum greiði gerður.

Síðan þetta gerðist, fyrir um tveimur vikum, hef ég hins vegar spáð svolitíð í hvað maðurinn meinti. Hvað átti hann við? Á hvaða hátt er hægt að segja að Íslendingar séu allir eins?

Að sjálfsögðu er ekki hægt að taka þetta bókstaflega. Hitt



Þegar ég hugsa til Íslands úr fjarlægð og ber saman við lífið sem blasir við í borgum heimsins, kemur einsleitni upp í hugann.

blasir þó við: Því er ekki að neita að maður þarf ekki að fara langt út fyrir landsteinana til þess að fá einhverja hugmynd um það hvernig mannum hefur mögulega líðið á Íslandi. Tökum London. Á götum London er margfalt meiri fjölbreytni í mannlífi heldur en nokkurn tímann sést á Íslandi. Maður finnur þetta strax. Fólk er miklu meira alls konar. Ekki bara vegna þess að það á sér ólíkan uppruna heldur líka vegna þess að fjölbreytnin í viðfangsefnum fólks, tisku þess, lífsstíl þess og viðhorfum er svo miklu, miklu meiri.

Varðstaða um einsleitni

Eiginlega, eftir því sem ég hugsa meira um það, skil ég manninn nokkuð vel. Ég sé sannleikskorn. Þegar ég hugsa til Íslands úr fjarlægð og ber saman við lífið sem blasir við í borgum heimsins, kemur einsleitni upp í hugann. Í samanburði við aðrar þjóðir ein-kennist Ísland af fábreytni. Það vantar fleiri íbúa.

Kem ég þá að ástæðu greinarnar. Enn og aftur berast fregnir af því að íslensk yfirvöld séu ákaflega upptekin af því að vísa flóttafólki úr landi. Jafnvel á að setja lög sem gera yfirvöldum þetta auðveldara. Ég spyr: Af hverju? Hvert er markmiðið? Hver er váin?

Ég velti fyrir mér, hvort ekki þurfi að taka vissa grundvallarumræðu áður en lengra er haldið: Er það vilji fólks að samfélagið sé einsleitt — og þá að setja lög sem verja þann veruleika — eða er það vilji fólks að samfélagið sé opnara og fjölbreyttara? Mér finnst hið síðara eftirsóknarverðara. Fjölbreytt mannlíf felur í sér aukin lífsgæði. Löggin ættu að stuðla að slíku samfélagi, en ekki hinu. Eftir samræðuna við arabann í Kólumbíu hef ég sannfærst enn frekar um það að hin harðneskjulega, þvermóðskufulla og ómanneskjulega barátta íslenskra yfirvalda gegn fjölbreytni og til varnar einsleitni sé fátíðleg.

Viðmælendabjálfun RÚV og FKA



Rakel Sveinsdóttir formaður Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)



Ég vil því hvetja fyrirtæki, stofnanir og aðra til að nýta tækifærið og tefla konum oftast fram sem talsmönnum í fjölmiðlum.

Nýverið undirrituðu RÚV og FKA tímamótasamning sem felur í sér að næstu þrjú ár verða árlega valdar 10 konur í viðmælendabjálfun sem fara mun fram í húsakynnum RÚV. FKA mun fá leiðbeinanda til verksins, mögulega frá öðrum fjölmiðli, en markmið samningsins er að fjölga konum í hópi viðmælenda íslenskra fjölmiðla. Samningurinn er gerður að fyrirmynd BBC en aðdraganda hans má rekja til ársins 2014 þegar FKA fékk til sín Ingibjörgu Þórðardóttur, þáverandi ritstjóra hjá BBC en nú stjórnandi hjá CNN, sem gest á fjölmiðlagi FKA. Ingibjörg sagði þá frá því hvernig BBC hefði unnið að því að fjölga konum sem viðmælendum með bjálfun. Árið 2017 fékk FKA síðan til sín Mary Hockaday frá BBC sem gest sem sagði þá frá því hvar helstu bjálfunarverkefni væru stödd og hversu mikið hefði áunnist með því að fjölga konum sem viðmælendum.

Áhuginn á verkefninu er mikill en við sem höfum lengi starfað á fjölmiðlum vitum að það eru mun fleiri einstaklingar sem hafa áhuga á að koma sjálfum sér á framfæri í fjölmiðlum, í samanburði við þá sem eiga í raun erindi þangað. Viðmælendabjálfunin mun hins vegar snúast um síðarnefnda hópinn og þann hóp mun FKA skilgreina með því að fá upplýsingar frá fjölmiðlafólki í hvaða geirum eða sérsviðum fjölmiðlum vantar að finna fleiri konur. Þessi háttur á vali er eitt af lykilatriðum BBC enda líklegasta leiðin til að tryggja að konurnar sem hljóta bjálfunina verði í kjölfarið sýnilegar í fréttum. Þar sýna tölur að enn hallar á konur. Ég vil því hvetja fyrirtæki, stofnanir og aðra til að nýta tækifærið og tefla konum oftast fram sem talsmönnum í fjölmiðlum. Það eitt og sér er tækifæri í sjálfru sér því áhugi fjölmiðla er til staðar og fyrir löngu úrelt að benda alltaf á sama „karlinn“ fyrir öll viðtöl.

Tækifæri



Uppþvottavél, Serie 4

14 manna. Sex kerfi. Þrjú sérkerfi, þar á meðal tímastytting og kraftþurrkun. Zeolith®-þurrkun. Hljóð: 44 dB. „aquaStop“-flæðivörn.

Tækifærissverð:

SMU 46FW01S

109.900 kr.

Fullt verð: 139.900 kr.



Þvottavél, iQ300

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótór með 10 ára ábyrgð. Sérkerfi: Kraftþvottur 60 mín., útitafnaður, mjög stutt kerfi (15 mín.), ull o.fl.

Tækifærissverð:

WM 14N207DN

79.900 kr.

Fullt verð: 99.900 kr.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT**

Valskonur og FH-ingar lyfta bikarum á loft í leikslok eftir verðskuldaða sigra í úrslitum bikarkeppni Coca-Cola um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kaflaskiptur dagur hjá Val

Valskonur sýndu allar sínar bestu hliðar þegar þær urðu bikarmeistarar um helgina eftir sannfærandi sigur á Fram. Síðar um daginn þurfti karlalið Vals að horfa á eftir bikarmeistararitlinum til FH sem vann bikarinn í fyrsta sinn í 25 ár.

HANDBOLTI Það var kaflaskiptur dagur á laugardaginn hjá stuðningsmönnum Vals í handboltnum. Eftir að hafa séð kvennaliðið yfirspila eitt besta lið landsins undanfarin ár og vinna öruggan sigur á Fram í bikarúrslitaleiknum var karlalið félagsins allan tímann skrefinu á eftir FH í seinni leik dagsins þegar FH batt enda á 25 ára bið eftir bikarmeistaratitli í karlaflokki. Þrátt fyrir vonbrigðin undir lok dags gátu Valsmenn fagnað fyrsta bikarmeistararitlinum í kvennaflokki í fimm ár og þeim sjöunda í sögunni en aðeins Stjarnan (8) og Fram (15) hafa unnið titilinn oftar í kvennaflokki.

Virtumst hungraðri

Annan leikinn í röð var það Valsvörnin sem skóp sigurinn á laugardaginn. Eftir að hafa haldið ÍBV í tólf mörkum í undanúrslitaleiknum á fimmtudaginn stefndi í að Valur yrði fyrsta liðið til að halda Fram í undir 20 mörkum í vetur þegar staðan var 24-16 skömmu fyrir leikslok en Fram tókst að klóra

„Ég er afar vonsvikinn. Það var eitt sem breyttist á milli hálfleikja og það var hugarfar liðsins. Leikmenn mínir voru á ákveðinn hátt hrokafullir og vanmátu Southampton. Í fyrri hálfleik voru þeir ákveðnir, einbeittir og mun betri á öllum sviðum en í seinni hálfleik snerist allt við. Það þurfa allir leikmenn liðsins að axla ábyrgð á þessari frammistöðu því þeir tóku hlutunum ekki alvarlega í seinni hálfleik.“

Hann minnti enn og aftur á að það væri staða Tottenham að berjast um eitt af efstu fjórum sætum.

„Þetta er sá staður sem félagið er á og vonandi hættir fólk að krefjast þess að við gerum eitthvað meira. Það sást í dag að okkur skorti þroska en það er undir okkur komið að þrífast á þeirri pressu sem er komin á okkur að vinna leiki. Til þess að vinna titilinn þarftu meira en það sem við höfum.“

kristinnpall@frettabladid.is

Patrik fékk eldskírnnina

FÓTBOLTI Patrik Sigurður Gunnarsson fékk eldskírnnina í Championship-deildinni um helgina þegar þessi átján ára gamli Bliki kom inn af bekknum í 2-1 sigri Brentford gegn Middlesbrough á útivelli. Aðeins níu mánuðir eru síðan hann lék síðasta leik sinn á Íslandi, þá með ÍR í Inkasso-deildinni eftir að Blikar lánuðu hann til Breiðhýltinga.

Patrik sem samdi við Brentford síðasta haust hefur verið að leika með varaliði félagsins og var á varmannabekk Brentford aðra vikuna í röð um helgina. Daniel Bentley þurfti að fara meiddur af velli á 75. mínútu leiksins og kom Patrik inn í hans stað. Hann fékk eitt skot á sig en varði vel og hélt því hreinu þær fimmtán mínútur sem hann fékk um helgina.

Þetta var fyrsti útisigur Brentford gegn Boro í 81 ár eða síðan árið 1938 og með honum er Brentford komið með 49 stig í 13. sæti deildarinnar. – kpt

Valdís í fimmta sæti í Ástralíu

GOLF Kyllingurinn Valdís Þóra Jónsdóttir endaði á því að deila fimmta sæti á New South Wales-móttinu í Ástralíu um helgina eftir að hafa leitt þegar mótið var hálfnað. Englendingurinn Meghan MacLaren stóð uppi sem sigurvegari mótsins annað árið í röð. Alls lék Valdís á 278 höggum eða sex höggum undir pari vallarins og var sex höggum á eftir Meghan.

Valdís sem keppir fyrir hönd Leynis á Akranesi átti besta hring mótsins á fyrsta degi þegar hún kom í hús á 63 höggum, átta höggum undir pari vallarins. Henni tókst að halda forskotinu á öðrum hring þegar hún lék á einu höggi undir pari en lék síðustu tvo hringina á þremur höggum yfir pari með átta fugla, níu skolla og einn skramba.

Valdís deildi fimmta sæti ásamt tveimur öðrum kyllingum, Felicity Johnson frá Englandi og Diksha Dagar frá Indlandi og fengu þær allar tæplega þrjú þúsund ástralska dollara í sinn hlut eða um 250 þúsund íslenskar krónur.

Þá kom þetta Valdís upp í 51. sæti á stigalista LET-mótaraðarinnar fyrir næsta mót sem hefst í Suður-Afríku á fimmtudaginn. – kpt



Valdís Þóra Jónsdóttir.

Ívar hættir með Hauka í vor

KÖRFUBOLTI Ívar Ásgrímsson, þjálfari Hauka, hættir með liðið í vor en þetta staðfesti hann í samtali við mbl.is í gær. Með því lýkur átta ára samstarfi Ívars og Hauka en hann hefur samtals stýrt liðinu í átján ár eftir að hafa einnig verið þjálfari liðsins frá 1991-2001.

Undir stjórn Ívars urðu Haukar deildarmeistarar á síðasta tímabili og léku til úrslita um Íslandsmeistararitilinn árið 2016 en í bæði skiptin var það hlutskipti KR að slá Hauka úr leik í úrslitakeppninni.

Þrátt fyrir að flestir af lykilleikmönnum liðsins frá því í fyrra hafi horfið á brott í sumar tókst Ívari að smíða saman nýtt lið sem er í niunda sæti deildarinnar þegar ein umferð er eftir. – kpt

FIMMTUD. TIL MÁNUD.
LÝKUR Í DAG

5 DAGA

TAX
FREE

Allar vörur á taxfree tilboði*



* Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum nema vörum frá IITTALA og Skovby og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Husgagnahallarinnar.



HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

TÍMAMÓT

Mannskæðasta árásin í sögu Spánar

Fimmtán ár liðin frá sprengjuárásunum á lestir í Madrid. Baskar voru upphaflega grunaðir um að bera ábyrgð á voðaverkunum en athyglin beindist fljótlega að al-Kaída. Hátt í tvö hundruð manns létu lífið og yfir tvö þúsund særðust í árásunum. Verst var aðkoman á El Pozo-lestarstöðinni þar sem tugir létu lífið.

Fimmtán ár eru liðin í dag frá því að 193 fórust og 2.050 særðust í sprengjuárásunum á lestir í Madrid, höfuðborg Spánar. Sprengjuárásirnar voru þær mannskæðustu í sögu Spánar og þær mannskæðustu í Evrópu frá Lockerbie-árásinni 1988. Engin hryðjuverkaárás hefur verið gerð í Evrópu síðan ráðist var á Madrid sem hefur heimt svo mörg líf.

Fréttablaðið fjallaði um árásina á sínum tíma. Í frétt blaðsins frá deginum eftir árásina sagði að eyðileggingin hefði verið algjör, lestir sprungið í loft upp og lík þeyst til og legið eins og hráviði í og við lestir og lestarstöðvar. „Verst var aðkoman á El Pozo-lestarstöðinni þar sem tvær sprengjur sprungu og bönuðu ekki færri en sjötíu manns,“ sagði í fréttinni.

Haft var eftir Jose Maria Aznar, þá forsætisráðherra Spánar, að hann grunaði ETA, aðskilnaðarhreyfingu Baska, um árásirnar. Stutt var þá frá því að tveir ETA-liðar voru handteknir við komu sína til Madridar á flutningabíl hlöðnum efnum til sprengjugarðar.

Arnold Otegi, leiðtogi Batasuna, stjórnmalaflokks Baska, neitaði ásökunum og sagði að Arabar



Mynd frá árásarvettvangi í Madrid fyrir fimmtán árum. Ófögur sjón og vitnisburður um voðaverkin sem felldu svo marga. NORDICPHOTOS/GETTY



Verst var aðkoman á El Pozo-lestarstöðinni þar sem tvær sprengjur sprungu og bönuðu ekki færri en sjötíu manns.

kynnu að bera ábyrgð á árásunum.

Strax þremur dögum síðar birtist myndskæið þar sem Abu Dujana al-Afghani, sagður talsmaður al-Kaída í Evrópu, lýsti yfir ábyrgð hryðjuverkasamtakanna af árásinni. Spánverjar handtöku í kjölfarið hóp Marokkómanna, Sýrlendinga, Alsíringa og tvo uppljóstrara innan spænsku lögreglunnar vegna meintrar aðkomu að málinu.

Eltingaleikurinn við meinta árás-

armenn var langur og erfiður. Til að mynda stytta sjó grunaðir hryðjuverkamenn sér aldur og myrtu lögreglumann þegar þeir sprengdu sprengju í úthverfi Madridar í þann mund sem lögreglumenn reyndu að klófesta þá.

Tveimur árum seinna, þann 11. apríl 2006, voru 29 ákærur gefnar út í málinu. Þyngstu sakirnar voru bornar á sjó einstaklinga. Fimm þeirra voru sakaðir um skipu-

lagningu og framkvæmd en tveir um samstarf.

Svo fór að átta voru sýknaðir, þar á meðal meintur höfuðpaur, Rabei Osman. Átján voru sakfelldir fyrir minni brot og þrjár fyrir alvarlegustu brotin og dæmdir í þúsunda ára fangelsi. Þeir munu hins vegar ekki afplána nema fjórutíu. Við áfrýjun var sakfellingum yfir nokkrum ákærðu snúið við.

thorgnyr@frettabladid.is

Merkiatburðir

222 Elagabalus Rómarkeisari er ráðinn af dögum.

1702 Fyrsta dagblaðið sem dreift er um allt England, The Daily Courant, kemur fyrst út.

1851 Óperan Rígólettó eftir Giuseppe Verdi frumflutt.

1861 Suðurríkin innleiða nýja stjórnskrá eftir aðskilnað frá Bandaríkjunum.

1864 238 farast í flóðum í Sheffield.

1888 Rúmlega 400 farast í snjóstormum á austurströnd Bandaríkjanna.


1907 Íþróttafélag Reykjavíkur stofnað.

1917 Breski herinn tekur Bagdad.

1946 Breskir hermenn taka Rudolf Höss, yfirmann í Auschwitz, fastan.

1950 Kvikmyndin Síðasti bærinn í dalnum frumsýnd.

1976 Stjórnskoðunarfélag Sel-tjarnarness stofnað.



1984 Vélbáturinn Hellisey frá Vestmannaeyjum sekkur, Guðlaugur Friðþórsson lifir einn af og syndir í land.

1985 Mikhaíl Gorbatsjov verður leiðtogi Sovétríkjanna.

1990 Litháen fær sjálfstæði.

ÞETTA GERÐIST: 11. MARS 1941


Fimm Íslendingar felldir í árás þýsks kafbáts

Þýskur kafbátur skaut á íslenska línuskipið Fróða á þessum degi árið 1941. Alls fórust fimm skipverjar í skothríðinni en segja má að þjóðarsorg hafi verið á landinu í kjölfar árásarinnar.

Morgunblaðið fjallaði um árásina strax næsta dag en fátt var vitað um hana á þeim tíma. „Sú fregn barst hingað til bæjarins í gærkvöldi, að í fyrrinótt hefði kafbátur gert árás á línuveiðarann „Fróða“ um 90 mílur SA af Vestmannaeyjum. Fregnin um árás þessa var mjög ógreinileg, en vitað var þó, að „Fróði“ sókk ekki,“ sagði í blaðinu.

Strax degi síðar var komið í ljós að fimm hefðu farist. Þeir Sigurður V. Jörundsson stýrimaður, Gísli Guðmundsson háseti og Guðmundur Stefánsson háseti voru sagðir hafa farist í skothríðinni sjálfri, sem dundi yfir í um klukkustund. Þeir Gunnar Árnason skipstjóri og Steinþór, bróðir Gunnars, háseti létust af sárum sínum.

Þegar Fróði kom til hafnar um hádegisbil þann 15. mars tóku þúsundir á móti skipverjum, kom



fram í þjóðviljanum degi síðar.

„Það var hátiðleg stund sorgar og samúðar, þegar höfuðborg Íslands í gær tók á móti fimm látnum og fimm lifandi sjómönnum, sem sundurskotið fiskiskip, línuveiðarinn Fróði, flutti að landi. Höfuðborgin bar á sér svip virðingarinnar við hina

föllnu, - hvarvetna blöktu fánar Íslands í hálfu stöng, - og þúsundum saman söfnuðust íbúarnir niður á hafnarbakkann, til að votta hluttekningu sína í þeim hörmungum, sem aðstandendum og þjóðinni er valdið með vígunum ódregilegu úti í myrkri Atlanzhafsins,“ sagði í blaðinu. – þea

ÁHRIFAMIKIL OG TÍMABÆR!

TILBOÐSVERÐ:

3.199.-

Fullt verð:
3.999.-



HÖFUNDURINN
MÆTIR Á
BÓKMENNTA-
HÁTÍÐINA
Í APRÍL!



Hakan Günday,
höfundur „Meira“.

„Metnaðarfull, sannfærandi
og óhemju kraftmikil.“

The Economist

„Mikilvæg skáldsaga ...
rannsókn á hinu illa í fari mannsins
sem minnir á Dostojevski.“

New York Times

„Blikktromma nýrrar kynslóðar..“

Kirkus Review

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 13. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrensl.

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík



1 | 9
°C | K

Egilsstaðir



3 | 4
°C | K

Ísafjörður



-5 | 3
°C | ↑

Kirkjubæjarkl




1 | 12
°C | ←

Akureyri



0 | 3
°C | K

Hveravellir



-4 | 6
°C | ↑

Áfram dálitil el austan til en rigning eða slydda sunnan til og þurr norðan- og vestanlands. Híti 0 til 4 stig sunnan og vestan til, annars víða 0 til 5 stiga frost. **Appelsínugul viðvörðun**

Þriðjudagur

Reykjavík



3 | 10
°C | ↓

Egilsstaðir



3 | 8
°C | ↓

Ísafjörður



-2 | 11
°C | ↓

Kirkjubæjarkl



4 | 15
°C | ↓

Akureyri



1 | 9
°C | ↓

Hveravellir



-4 | 11
°C | ↓

Miðvikudagur

Reykjavík



2 | 3
°C | K

Egilsstaðir



-1 | 1
°C | ↑

Ísafjörður



-2 | 2
°C | ↓

Kirkjubæjarkl



1 | 3
°C | ←

Akureyri



-3 | 1
°C | K

Hveravellir



-3 | 5
°C | ↑

LÉTT

	3	7	6		2		4	
6					5		2	
9	5			4	8			1
	2			6		1	9	
	4			5		2		8
3					7	5		
			1		4	7		
		9		8				
8	1							

MIDLUNGS

	4	6	2			7		
5	7	8				1		
9	1					8		4
	6					2		
	5		8				6	3
		3	4	5	6			8
	8		6	4	5		9	
			1	8	9		4	
				3				

PUNG

						7			6	
		5						4	9	
	2									
						2		9	7	8
9	5					8			3	
				7				5		
1	3	4				2			7	
6	7	2			5	9	3		1	

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- eirblendingur
 - bók
 - tveir eins
 - vínandi
 - átt
 - uppköst
 - botnfall
 - afgangur
 - kvöld
 - þyngjast

- LÓÐRÉTT**
- aflaga
 - fugl
 - munda
 - snælda
 - hvítagull
 - undirflík
 - varmi
 - bókstafur
 - tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
			12		
13	14				
15				16	
17					

LÁRÉTT: 1. bronx, 5. hit, 6. pp, 8. etanol, 10. na, 11. plátina, 9. nærfát, 12. hit, 14. eff, 16. nm.
LÓÐRÉTT: 1. bengla, 2. rita, 5. ota, 4. spóla, 7. eila, 12. hrat, 13. leið, 15. afdann, 17. fitna.

Skák Gunnar Björnsson

Aljehin átti leik gegn Stathlberg í Hamborg árið 1930.

1...Hxf3! 2. Dxd5 Hxf2! 0-1. Hannes Hlífar Stefánsson byrjar afar vel á alþjóðlegu móti í Prag. Hann hefur fullt hús eftir þrjár umferðir. Héðinn Steingrímsson átti góðan endasprett á alþjóðlegu í St. Louis sem lauk í gær.

www.skak.is: Hannes og Héðinn.

Svartur á leik



ÖLL BRAUÐ Á **25%** AFSLÆTTI ALLA MÁNUDAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35
- Fálkagötu 18

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

5	4	7	9	2	8	3	6	1
6	8	1	7	3	4	9	2	5
9	2	3	5	6	1	4	7	8
7	9	4	1	8	2	5	3	6
2	1	5	3	9	6	7	8	4
3	6	8	4	5	7	2	1	9
8	7	2	6	4	5	1	9	3
1	5	9	8	7	3	6	4	2
4	3	6	2	1	9	8	5	7

5	6	1	3	7	2	4	8	9
4	3	7	5	8	9	2	6	1
8	9	2	1	6	4	3	7	5
6	4	3	7	9	5	8	1	2
9	7	8	4	2	1	5	3	6
1	2	5	6	3	8	7	9	4
2	1	9	8	4	3	6	5	7
7	8	4	9	5	6	1	2	3
3	5	6	2	1	7	9	4	8

6	1	2	7	5	4	3	8	9
3	4	5	9	6	8	2	1	7
7	8	9	1	2	3	4	5	6
1	9	4	5	3	7	6	2	8
2	6	3	4	8	9	5	7	1
8	5	7	2	1	6	9	3	4
9	2	8	3	4	1	7	6	5
4	3	1	6	7	5	8	9	2
5	7	6	8	9	2	1	4	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Ætlar þú að gera eitthvað spennandi í dag, Maggi?

Það held ég nú! Kjartan kemur á eftir og við ætlum að spila nasakörfu!

Nasa-körfu?

Jáhf! Við setjum borðtennis-kúlu í nösina og reynum að hitta í litla körfu!

Hahahahaha! Þetta er það sjúkasta sem ég hef heyrð!

Hahaha! ég er bara að djóka. Halló!

Nasakörfu er aflýst!

Gelgjan Palli

SEX miklu betri not fyrir herðatré

Bæta sambandið á símanum

Barnalán

Þú hefur væntanlega ekki séð hann sökkin minn?

Hver? Eg?

Tengsl og tengslaleysi mannsins

Í Listasafninu á Akureyri stendur yfir sýning á verkum Kristínar Gunnlaugsdóttur. Sýnir stór, krefjandi og hlaðin verk sem liggja þétt saman. Sýnir meðal annars í Genf og Vínarborg seinna á árinu.

Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Kristín Gunnlaugsdóttir sýnir verk sín í Listasafninu á Akureyri ásamt Margræti Jónsdóttur leirlistakonunni, en yfirskrift sýningarinnar er SuperBlack. Kristín sýnir þar 15 málverk.

„Sýningin er framhald á sýningu okkar Margrætar í Nesstofu á Seltjarnarnesi árið 2015 en þar unnum við með svörtu verk sem tengdust sögu hússins sem er eitt elsta steinhús á landinu, byggt 1770. Út frá þeirri hugmynd þróaðist sýningin SuperBlack, þar sem við unnum báðar út frá svörtum lit og margvíslegri merkingu hans. Liturinn SuperBlack eða vantablack er vísindaleg uppfinning og sýnir algert tóm, augað greinir ekki litbrigði. Sýningin fór til Kaupmannahafnar og var sýnd á Norðurbryggju, þaðan til Þórsahafnar, Færeyjum, þar sem hún var í Norðurlandahúsinu og lýkur nú ferðalagi sínu á Listasafninu á Akureyri.

Margræt fæst í leirinnsetningu sinni við samband manns og náttúru og veltir fyrir sér spurningum um hvort manneskjan umgangist líffæri sín á sama hátt og náttúruna. Ég fjalla um samband mannsins við sjálfan sig og umhverfi sitt. Verkin fjalla um þessi tengsl og tengslaleysi mannsins, þrá eftir einhverju betra og hvernig sagan endurtekur sig. Þar vísa ég meðal annars til barokktímabilsins, uppstillinga portrettmynda þess tíma og hversu lítið það sagði um raunverulegt líf og líðan fólks. Ég nota líka mikið glimmer sem er skemmtilegt efni en viðkvæmt í myndlist. En fyrir mér fellur það vel að lífsháskaverkum. Í flestum verkum mínum gegnum tíðina hef ég eina manneskju, gjarnan konu og þá miðjusetta. Maðurinn er alltaf að fást við einsemi sem virðist aukast.“

Þrátt fyrir alla tækni og þrátt fyrir að hann sé sitengdur, eða kannski vegna þess?

„Vegna þess. Ég held að honum hætti til að loka sig af og flóttaleiðirnar eru orðnar fleiri og auðveldari.“

Ög svarti flöturinn býður upp á að þú sýnir þetta í verkum þínum.

„Algjörlega. Hann getur átt við tóm og nýtt upphaf. Hann getur endurspeglad margt í sálarlífi fólks, allt frá hinu óttalega til skjóls. Hann er líka heillandi eins og myrkríð í móðurkviði eða næturhiminn. En það er líka rokk og ról í þessum verkum, glimmer og spenna.“

Ekkert hvítt kurteisibíl

Verkin eru flest um 2x2 metrar. „Ég ákvað að koma þeim öllum inn í þetta ferkantaða rými, á tvo veggir fyrir utan eitt verk. Þau eru hvert eitt talsvert krefjandi og hlaðin og mér fannst fara þeim vel að liggja svona þétt saman og mynda tvo massa á sitt hvorum vegg. Það var



„Ég held það sé alltaf af hinu góða þegar maður kemur hreint fram og segir hlutina eins heiðarlega og manni er unnt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



„Mér fannst fara þeim vel að liggja svona þétt saman,“ segir Kristín.

gaman að sleppa hvíta kurteisibílinu milli verkanna og láta þau öll kalla í einu. Hafa nógu mikið af öllu.

Persónulega finnst mér þessi uppsetning takast mjög vel. Það er best að setja saman sýningu þegar rýmið er hannað fyrir myndlist og ekkert sem truflar. Lofthæðin er góð og reyndar eru öll rými hér í Listasafninu á Akureyri spennandi þótt þau séu ólík. Þetta er einstaklega fallegt og vel búið safn og mjög gefandi að sýna og vinna hér. Eitt afar mikilvægt er að Listasafn Akureyrar og Listasafn Reykjavíkur eru fyrstu opinberu listasöfnin sem borga listamönnum fyrir að vera með sýningu. Það hefur verið hefð fyrir því að allir sem vinna í kringum listamanninn séu á sínum taxta en listamaðurinn sem þrátt fyrir allt allt hverfist um, á að láta

sér nægja heiðurinn og lifa af honum. Þótt myndlist sé til sölu, hentar hún misvel í hýbýli fólks eða stofnana. Listamenn reikna ekki með því að selja.“

Sköpunarverkið er í lagi

Talað berst að þróuninni í list Kristínar. Hún hefur verið þekkt fyrir gerð helgimynda og notar tækni miðalda enn, en á nýjan hátt. Hún sýnir blaðamanni verk unnið með blaðgulli, af konu sem er búin

að ganga í gegnum krabbameinsmeðferð og hefur misst brjóst. „Hér er mannkynið í sársaukanum, þetta er í rauninni Kristismynd nútímans,“ segir hún.

Saumuð veggteppi og blaðgullsverk af kvensköpunum vöktu athygli og ekki síst vegna breytinganna sem list Kristínar tók um 2008. „Einhverjir hneyksludust en ég fékk eiginlega bara jákvæð viðbrögð. Það var eins og margir upplifðu létti. Ég held það sé alltaf af hinu góða þegar maður kemur hreint fram og segir hlutina eins



Í MYNDLIST MINNI ER ÞRÁÐUR SEM ER EINNIG STÓR HLUTI AF SJÁLFRI MÉR OG SNÝR AÐ UNDIRVITUND, EÐLISHVÖT EINS OG TRÚ OG KYNHVÖT, DAUÐA OG EKKI SÍST TABÚUM.

heiðarlega og manni er unnt. Mér var engin reiði í hug með þíku-myndunum. Sköpunarverkið er í lagi, kynhvöt er í lagi, við erum í lagi. Hvernig við svo förum með þessi mál er allt annað. En verk af sköpun geta orðið trúarleg upplifun vegna þess að sköpunarverkið er í lagi, ekki satt? Allt er gott. Í kapellu Grafarvogskirkju er einmitt búið að hengja upp stórt skapaverk sem ég nefni „Móðirin“ og er mikilvægt innlegg í þessa umræðu. Ég er afar ánægð og sátt við framtak presta og sóknarnefndar þar.

Í myndlist minni er þráður sem er einnig stór hluti af sjálfri mér og snýr að undirvitund, eðlishvöt eins og trú og kynhvöt, dauða og ekki síst tabúum. Í SuperBlack er umfangsefnið dauðinn og þráin. Og tabúin liggja mjög nálægt í okkar daglega lífi. Til dæmis í okkar æskudyrkandi samfélagi er eins og það sé vandræðalegt að eldast. Og er guð orðinn tabú?“

Það er nóg fram undan hjá Kristínu. Í byrjun júní verður opnuð sýning í Gallerii Kaktus á Akureyri, viku síðar í Gallerii Kompu á Siglufríði og þann 17. júní í Menningar- miðstöð Fljótisdalshéraðs, Egilsstöðum. Í september er sýning í Genf og í Vínarborg í október. „Það er mikilvægt að vera á staðnum og fylgja sýningum eftir, ef það er hægt. Umræðan um verkin er mikilvæg og maður hefur gott af henni. En best er þegar verkið lifir af sem slíkt og gefur af sér í þögninni,“ segir listakonnan.



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

NÁÑAR Á BIOPARADÍS

Capernaum (ENG SUB) 17:30
Arctic (ICE SUB) 17:50
Transit (GERMAN & FRENCH W/ICE SUB) 18:00
National Theatre Live - Breska Þjóðleikhúsið
Julius Caesar (ENGLISH-NO SUB) 20:00

Capernaum (ENG SUB) 19:50
Brakland (DANISH W/ENG SUB) 20:00
Free Solo (ENGLISH - NO SUB) 22:00
Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB) 22:20





Lífsbaráttan í náttúrunni með David Attenborough



Í kvöld kl. 20

Stórbrótnir dýralífspættir þar sem fjallað er um fimm dýrategundir og lífsbaráttu þeirra. Íslensk talsetning. Á RÚV 2 með ensku tali kl. 22.10.



okkar allra

Mánudagur

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2012-2013 Ísafjarðarbær - Reykjavík
- 14.00 Úr Gullkistu RÚV: 91 á stöðinni
- 14.25 Úr Gullkistu RÚV: Maður er nefndur Sigmundur Guðbjarnason í þessum þætti ræðir Jón Ormur Halldórsson við Sigmundur Guðbjarnason prófessor og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands. Sigmundur segir frá ætt sinni og uppruna. Hann segir frá skólagöngu sinni, m.a. frá námsárunum í München í Þýskalandi. Sigmundur segir frá starfsferli sínum hjá Sementsverksmiðju ríkisins, við hjartarannsóknir í Bandaríkjunum og hjá Háskóla Íslands við kennslu í efnafræði, við rannsóknir og sem rektor skólans. Dagskrárgerð: Ásgrímur Sverrisson.
- 14.55 Úr Gullkistu RÚV: Út og suður
- 15.20 Úr Gullkistu RÚV: Af fingrum fram Þorvaldur Bjarni
- 16.05 Hvað höfum við gert?
- 16.45 Silfríð
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Simon
- 18.06 Mói
- 18.17 Klaufabárðarnir
- 18.26 Ronja ræningjadóttir
- 18.50 Krakkafréttir Fréttapáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin
- 20.00 Lífsbaráttan í náttúrunni – Afrískir villihundar Stórbrótnir dýralífspættir úr smiðju Davids Attenborough þar sem fylgst er með lífi fimm dýrategunda og fjallað um áskoranirnar sem bíða þeirra, meðal annars vegna loftslagsbreytinga og annarra ógna af manna völdum. Dýrategundirnar sem fylgst er með í þáttunum eru mörgæsir, simpansar, ljón, afrískir villihundar og tigrisdýr. Þættirnir eru talsettir á íslensku en sýndir á sama tíma á RÚV2 með ensku tali.
- 20.55 Lífsbaráttan í náttúrunni: Á tókustað – Afrískir villihundar Skyggst bak við tjöldin við gerð dýralífspáttanna Dynasties, en þættirnir voru fjögur ár í framleiðslu. Þættirnir eru talsettir á íslensku en sýndir á sama tíma á RÚV 2 með ensku tali.
- 21.10 Gíslatakan
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Týndu drengirnir í Hvergílandi – Fyrri hluti Ný heimildarmynd í tveimur hlutum um meint kynferðislegt ofbeldi poppstjórnum Michael Jackson gegn ungum drengjum. Myndin er byggð á viðtölum við tvo menn og fjölskyldur þeirra sem lýsa áralangri misnotkun Jacksons á mönnum sem hófst þegar þeir voru barnungir. Myndin var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni 25. janúar. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
- 23.55 Kastljós
- 00.10 Menningin
- 00.20 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

- 08.00 Arnold Palmer Invitational
- 13.30 Champions Tour Highlights
- 14.25 Arnold Palmer Invitational
- 19.55 PGA Highlights
- 20.50 Arnold Palmer Invitational

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify
- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 The Tonight Show
- 09.30 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.20 The King of Queens
- 12.40 How I Met Your Mother
- 13.05 Dr. Phil
- 13.45 Lífum lengur
- 14.20 Crazy Ex-Girlfriend
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Tonight Show
- 19.00 The Late Late Show
- 19.45 The Good Place
- 20.10 The F Word (US)
- 21.00 Hawaii Five-0
- 21.50 Blue Bloods
- 22.35 MacGyver
- 23.20 The Tonight Show
- 00.05 The Late Late Show
- 00.50 NCIS
- 01.35 NCIS. New Orleans
- 02.20 FBI
- 03.05 The Gifted
- 03.50 Salvation
- 04.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregni
- 10.13 Flugur Guðrún Gunnars, Hildur Vala, Julian Civilian og Puffin Island
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Til allra átta
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Japan, land hinnar risandi sólar
- 16.00 Siðdegisfréttir
- 16.05 Hátalarinn
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Útlit Krakka RÚV
- 18.50 Veðurfregni
- 18.53 Dánarfregni
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.30 Kvöldsgagan: Plágan
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregni
- 22.10 Passíusálmur (17 af 50)
- 22.15 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 12.45 The Little Rascals Save the Day
- 14.25 Absolutely Anything
- 15.50 Love and Friendship
- 17.20 The Little Rascals Save the Day
- 19.00 Absolutely Anything
- 20.30 Love and Friendship
- 22.00 Queen of the Desert
- 00.10 Slow West
- 01.35 Sausage Party
- 03.05 Queen of the Desert

STÖÐ 2

- 07.00 The Simpsons
- 07.25 The Mindy Project
- 07.45 Friends
- 08.05 The Middle
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 I Own Australia's Best Home
- 10.25 Born Different
- 10.55 Óbyggðirnar kalla
- 11.25 Hönnun og lífsstill með Völu Matt
- 11.55 Landnemarnir
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 The X-Factor UK
- 14.05 The X-Factor UK
- 15.25 The Secret Life of a 4 Year Olds
- 16.15 The Big Bang Theory
- 16.35 The Goldbergs
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.20 Nágrannar
- 17.45 Ellen
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Sportpakinn
- 19.20 Veður
- 19.25 Um land allt
- 20.00 God Friended Me
- 20.45 Silent Witness
- 21.40 Tin Star
- 22.25 S.W.A.T.
- 23.10 60 Minutes
- 23.55 The Enemy Within
- 00.40 Strike Back
- 01.30 Keeping Faith
- 02.25 Keeping Faith
- 03.20 The Art Of More
- 04.05 The Art Of More
- 04.50 The Art Of More

STÖÐ 3

- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men
- 20.00 Seinfeld
- 20.25 Friends
- 20.50 Who Do You Think You Are?
- 21.50 Curb Your Enthusiasm
- 22.25 Game Of Thrones
- 23.15 Big Love
- 00.10 Supernatural
- 00.35 Modern Family
- 00.55 Two and a Half Men
- 01.20 Modern Family
- 01.45 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 07.00 Chelsea - Dynamo Kiev
- 08.40 Napoli - Salzburg
- 10.20 Messan
- 11.25 KR - Stjarnan
- 13.05 Þór Þorl. - Haukar
- 14.45 Keflavík - Valur
- 16.25 Domino's körfuboltakvöld
- 18.05 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
- 18.30 Evrópudeildin - fréttapáttur
- 19.00 Stjarnan - Grindavík Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
- 21.15 Domino's körfuboltakvöld
- 22.55 Atletico Madrid - Leganes

STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.25 Úrvalsdeildin í pilukasti
- 11.25 Premier League World
- 11.55 Chelsea - Wolves
- 13.35 Arsenal - Manchester United
- 15.15 Liverpool - Burnley
- 16.55 Messan
- 17.55 Football League Show
- 18.25 Spænsku mörkin
- 18.55 Ítölsku mörkin
- 19.25 Roma - Empoli Bein útsending
- 21.30 Juventus - Udinese
- 23.10 Chievo - AC Milan

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útlit Saga
- FM 100,5 K100

- FM 102,9 Lindin

STÓLADAGAR

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STÓLUM!



HEADPOINT

VERÐ ÁÐUR

76.900 KR.

VERÐ NÚ

57.675 KR.

25%
AFSL.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is



Guðmundur Felixson sá Rent fyrst níu ára gamall og heillaðist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ást á tímum alnæmis

Leikfélag Menntaskólans í Reykjavík ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur með uppfærslu ársins, Rent, en það er **Guðmundur Felixson** sem leikstýrir þessu stærsta verkefni sínu hingað til.

Herranótt, leikfélag Menntaskólans í Reykjavík, frumsýnir söngleikinn Rent eftir Jonathan Larson í Gamla bíói þann 15. mars. Síðustu vikur hafa farið fram strangar æfingar þar sem ungmennin hafa lagt nótt við dag í að setja upp sem metnaðarfullsta uppfærslu verksins sem er lauslega byggt á óperunni La Bohème eftir Puccini.

„Ég hef nú alltaf dýrkað þennan söngleik og hann hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér,“ segir Guðmundur Felixson sem nú stjórnar sinni fjórðu menntaskóla-uppfærslu en hann útskrifaðist sem sviðslistahöfundur árið 2015. „Ég sá söngleikinn í Loftkastalanum árið 1999, þá aðeins níu ára gamall, og hef haldið upp á hann síðan. Ég held að stjórn Herranætur hafi eitthvað haft veður af þessum áhuga mínum þegar þau fóru þess á leit við mig að taka að mér leikstjórnina.“

Söguvið verksins er tíundi áratuginn í New York og umfjöllunarefnið fátækir listamenn, frjálsar

Svo er mikilvægt að gera ekki lítið úr sögunni og því sem meðlimir í LBGTQ-samfélaginu þurftu að þola á þessum tíma. Sú upprifjun á fullt erindi við menntaskólanemendur dagsins í dag.

ástir, samkynhneigð, transfólk og HIV sem þá var á hápunkti umræðunnar. Því hefur kannski ekki legið beinast við að níu ára drengur tengdi svo sterkt við sýninguna, eða hreinlega sæi hana yfir höfuð en ástæða þess að Guðmundur fékk að sjá uppfærsluna var sú að faðir hans Felix Bergsson var einn aðalleikaranna. „Pabbi var að leika í sýningunni, við bjuggum rétt hjá Loftkastalanum og við einfaldlega


röltum yfir á sýningar,“ útskýrir Guðmundur.

„Verkið fjallar sannarlega um gríðarlega stór og flókin málefni; eyðnismitaða eiturlyfjáháða listamenn í New York og þó ég hafi ekki greint þennan alvarlega tón þá kveikti tónlistin í mér. Ég átti geisladiskinn og hlustaði mikið á hann í gegnum unglingsárin. Svo þegar kvikmynd eftir söngleiknum kom út árið 2005 tvíefldist áhugi minn á verkinu. Þó maður hafi ekki skilið söguna á sínum tíma þá er leikhús, ef vel gert, þannig að maður nær helstu tilfinningum.“

Guðmundur segir Rent stærstu sýningu sem hann hafi tekið að sér. „Það er sungið nánast alla sýninguna svo þátttakendur þurfa að vera brjálæðislega miklir söngvarar. Það er mikill áhugi á Herranótt í MR eins og ídulega svo við völdum fólk í sýninguna í gegnum spunanám-skeið sem ég setti upp. Svo voru ítarlegar söngprufur, enda skiptir söngurinn mestu í þessu verkefni. Danshöfundurinn var svo með dansprufur og við tókum inn sérstakan danshóp.“



Meðlimir Herranætur hafa lagt nótt við dag til að sýningin verði sem glæsilegust.



25 nemendur koma fram í sýningunni og annar eins fjöldi starfar bak við tjöldin.

Guðmundur segir 25 manns fara með hlutverk í sýningunni og að annar eins fjöldi komi að henni á bak við tjöldin. „Það er frábært að vinna með þessum krökkum sem gera þetta af áhuganum einum saman og leggja mikið á sig til að útkoman sé sem best.“


Umræðan á enn erindi í dag

En hvaða erindi á verk um HIV-smitaða listamenn í New York við íslenska menntskælinga árið 2019? „Ég hef spurt mig að þessu lengi og ég var að vissu leyti smeykur við að setja verkið upp. Það er vissulega barn síns tíma, tíma þegar alnæmisfaraldurinn stendur sem hæst en flest þeirra sem nú koma að sýningunni voru ekki einu sinni

fædd þá. En í fyrsta lagi er þetta ást-arsaga og í öðru lagi er umfjöllunarefnið valið um að fylgja hugsjónum þínum eða taka þátt í lífsfjórðakapphlaupinu,“ útskýrir Guðmundur en hvort tveggja er auðvitað tímalaust efni. „Umræðan um HIV og alnæmi á svo enn erindi í dag en tugir nýrra smita koma upp hér á landi ár hvert. Svo er mikilvægt að gera ekki lítið úr sögunni og því sem meðlimir í LBGTQ-samfélaginu þurftu að þola á þessum tíma. Sú upprifjun á fullt erindi við menntaskólanemendur dagsins í dag.“

Rent verður frumsýnt 15. mars í Gamla bíói og hefst miðasala í dag á midi.is en fyrirætlaðar eru átta sýningar alls. bjork@frettabladid.is

Íslenska fluguveiðisýningin



Háskólabíó
14. mars 2019
Húsið opnar kl. 15:00
Miðar á Tix.is
2.500 kr. í forsölu
2.900 kr. við hurð

Íslenska fluguveiðisýningin Málstofa um fiskeldi Uppboð og IF4 kvikmyndahátíð

- 15:00** Húsið opnar – fluguveiðisýning í anddyri
- 17:30** Málstofa og pallborðsumræður um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fiskeldi – í stóra sal
- 20:00** Uppboð á veiðileyfum og veiðivörum – í stóra sal
- 20:30** IF4 kvikmyndahátíðin – í stóra sal (2 klst.)



Sjálfsást eflir systrasamstöðuna

Á morgun, þriðjudag, hefst sex vikna sjálfstyrkingar- og slökunarnámskeið fyrir stelpur á aldrinum 15 til 18 ára í Andagift súkkulaðisetri. **Tinna Sverrisdóttir**, leikkona og Reykjavíkurdóttir, hefur umsjón með námskeiðinu.

Við Rauðarárstig reka þær Tinna Sverrisdóttir leikkona og Lára Rúnarsdóttir tónlistarkona gríðastaðinn Andagift súkkulaðisetur þar sem þær bjóða upp á fjölbreytta tíma í andlegri iðkun og súkkulaðiserimóníur. Á morgun hefst námskeið Tinnu, GRL PWR KAKÓ, sem standa mun í sex vikur og er ætlað stúlkum á aldrinum 15 til 18 ára þar sem áherslan verður á sjálfstyrkingu og slökun.


Tinna er útskrifuð leikkona úr Listaháskóla Íslands og starfar einnig sem tónlistarkona og leiklistarkennari í Leynileikhúsinu. Hún er einn stofnenda Reykjavíkurdætra og hefur starfað mikið með börnum og unglingum að sjálfsefingu undanfarin ár en árið 2013 var hún kosin bæjarlistamaður Kópavogs þar sem hún ferðaðist í allar unglingságeildir í Kópavogi þar sem hún stóð fyrir námskeiði með áherslu á sjálfsefingu í listsköpun. Tinna stundaði námið Yoga of sound and chocolate árið 2017 í Gvatemala og lærði þar tónheilun og hvernig vinna á með kakóplöntuna í serimónískum tilgangi til að efla slökun og hugleiðslu.

Með mikinn kvíða og sjálfsefa

Aðspurð út í hugmyndina að námskeiðinu segist Tinna hafa hugsað til þess hversu gott hún sjálf hefði haft af slíku námskeiði á sínum yngri árum. „Ég var haldin miklum kvíða, sjálfsefa, óöryggi, fullkomunarárætti og ótta við alit annarra. Ég vissi raunverulega ekkert hver ég var eða hvað ég vildi.“

Nú nokkrum árum síðar er áreitið og hraðinn orðinn enn meiri með öllum samfélagsmiðlunum, tækninni, kröfunum og útlitsdýrkuninni svo það er enn brýnni þörf fyrir að ungar stelpur fái rými til að slaka á og öðlist gagnleg tól til þess að efla sjálfsmynd sína og samskipti. Það skiptir mig miklu máli að fá að vinna með stelpum á þessum aldri að sjálfsefingu, sköpun, systrasamstöðu og deila því sem hefur gagnast mér.“

Setningin „Stelpur eru stelpum bestar“ er slagorð námskeiðsins og segir Tinna ætlunina að finna samstöðu og veita hver annarri stuðning inn í það sem þátttakendur eru að kljást við á hverri stundu. „Einnig er áhersla á einfaldleika og leikgleði sem áminningu um að taka okkur



Tinna og Lára reka Andagift, súkkulaðisetur, gríðastað fyrir andlega iðkun.

sjálfar og lífinu ekki of alvarlega.“


GRL PWR KAKÓ

Tinna lofar að námskeiðið verði stútfullt af alls konar skemmtilegum, einföldum og gagnlegum æfingum sem hjálpa til við að vinna bug á streitu og kvíða í daglegu lífi. „Hvert skipti hefur sitt þema, eins og hugrekki, sjálfsvirðing, samskipti, slökun og fleira. Við munum gefa okkur tíma til að kynna, læra að tjá okkur af öryggi, efla sjálfást og

mildi og takast á við óttann okkar. Einnig munum við skoða drauma okkar og langanir og læra æfingar sem hjálpa okkur að finna kjark til þess að láta drauma okkar rætast. Skráningin er í fullum gangi en enn eru örfá pláss eftir svo ég hlakka mikið til að skapa eftirminnilegar stundir með þessum flottu stelpum.“ segir Tinna að lokum.

Skráning og frekari upplýsingar: andagift.is/vara/grlpwr. bjork@frettabladid.is

NÚ ER ENN BRÝNNI ÞÖRF FYRIR AÐ UNGAR STELPUR FÁI RÝMI TIL ÞESS AÐ SLAKA Á OG ÖÐLIST GAGNLEG TÓL TIL ÞESS AÐ EFLA SJÁLFSMYND SÍNA OG SAMSKIPTI.



Tinna sem í dag er útskrifuð leikkona og meðlimur í Reykjavíkurdætrum segist hafa verið haldin miklum kvíða, sjálfsefa og óöryggi á yngri árum.

AEG

TILBOÐSDAGAR

15-20% afsláttur af öllum AEG vörum.

ORMSSON

Skoðu úrvalið okkar á

ORMSSON.IS

*FRÍ HEIMKEYRSLA Í NETVERSLUN



ÞVOTTAVÉLAR

KÆLISKÁPAR

VIFTUR OG HÁFAR

HELLUBORÐ

PURRKARAR

OFNAR

UPPÞVOTTAVÉLAR

SMÁTÆKI

RYKSUGUR

ENN HOLLARI OLÍA

það byrjar allt með fjórum fræjum



**OMEGA 3 & 6
+ D- & E-VÍTAMÍN
NAUÐSYNLEGAR FYRIR LÍKAMANN**

ISIO 4 FÆRIR ÞÉR MIKILVÆG NÆRINGAREFNI



FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

PÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Láru G.
Sigurðardóttur



Ölþingi

Það er þá satt sem þú hefur bent á – maður drekkur meira áfengi þegar það er svona auðvelt að kaupa það,“ sagði maðurinn minn um daginn. Við höfum nú dvalið í Kaliforníu þar sem áfengi er selt víða í verslunum.

Mér varð hugsað til þessara orða nú þegar áfengisfrumvarpið er til umræðu í ellefta sinn á Ölþingi okkar Íslendinga. Rökstuðningur flutningsmanna frumvarpsins um að einkavæða áfengissölu og að leyfa áfengisauglýsingar er alls ekki með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi.

Hér eru nokkur af þeim atriðum sem Ölþingismenn nefndu: íslenskir bjórframleiðendur þurfa að græða meira; aðgengi er svo mikið að við getum alveg eins aukið það meira; fyrst sumir brjóta áfengislögin þá skulum við bara afnema þau; leggjum áherslu á áfengisforvarnir næstu fimm árin því áfengisvandinn mun aukast með frumvarpinu; „áfengismeningin“ þarf að komast á hærra plan; svo skulum við ekki hafa vit fyrir öðrum, og síðast en ekki síst; þá mun fræðsla til almennings leysa öll vandamál.

Ef frumvarpsmenn hefðu lesið sér til þá vissu þeir að fræðsla dugar skammt í áfengisforvörnum og að það eru einmitt aðgerðir stjórnvalda eins og að takmarka aðgengi og sýnileika sem skila mestum árangri. Er þetta ekki komið gott eða þurfum við að setja áfengisfrumvarpsbann á Ölþingi?

Sjálf get ég þulið upp neikvæðar afleiðingar áfengisneyslu en samt drekk ég meira en skynsemin segir mér. Ég skammast mín fyrir að segja það en svona getur maður verið ófullkominn. Ég leyfi mér samt að segja þetta því ég veit að ég er ekki ein um að fara ekki alltaf eftir því sem ég veit að er mér fyrir bestu.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

TORTILLA
OG GOS*
COMBO VERD:

499 KR



*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni.
Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

Kvikk

ON THE GO

SAMSUNG

Galaxy S10e | S10 | S10+

Vertu með allt upp á S10!



Samsung Galaxy S10e

129.990 kr. stgr.

S10 144.990 kr.

S10+ 159.990 kr.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA